

Eymd og auðnuleysi í Úkraínu. Glötunargatan

Fréttastofa RÚV er drottning lágkúrunnar í fréttamennsku, þegar umdeild umræðuefni eru annars vegar. Nú virðist hún endanlega vera orðin útibú frá áróðursráðuneyti Volodymyr og sameiginlegri fréttaveitu auðdrottna/stríðshauka Vesturlanda. Einlæg einfeldni rannsóknablaðamanna hennar er sárgrætileg og spaugileg í senn.

Því er nauðsynlegt að leita á önnur mið með álit og fréttir. Douglas Macgregor er einn þeirra, sem búa yfir alhliða þekkingu á málefnum. Hann hefur nýlega skrifað grein, „Stormsveipir yfir Úkraínu ráða niðurlögum Vesturlanda“ (The Gathering Storm in Ukraine Spells Doom for the West). Í greininni er einnig áhugavert viðtal að finna um efnið. (<http://www.informationclearinghouse.info/57424.htm>)

Douglas fjallar af þekkingu um valdabröltið í Washington, herkænsku á vígvöllum, ástandið í Bandaríkjunum og Evrópu, utanríkis- og öryggismál, svo og efnahagskreppuna, sem er í hraðri uppsiglingu.

Hann segir í hnotskurn: Stríð Úkraínu og Vesturlandanna er tapað hernaðarlega. Efnahagslegar og menningarlegar ógöngur í Evrópu eru eldfimar. Hann nefnir meðal annars þá holskeflu flóttamanna, sem stríð Bandaríkjamanna og Nató, hafa hrundið af stað, og Vesturlönd varla ráða við, hvorki efnahagslega né menningarlega. Bandarískt samfélag er einnig á heljarþröm.

Bandarísk yfirvöld hafa brugðist við þeirri kreppu, sem um langa hríð hefur bullað undir niðri, og nú sýður upp, með því að prenta fleiri dali. Það er eins og ævinlega uppskrift að meiri eymd.

Stríðið í Úkraínu og raunar samfélagið allt, meira eða minna, er rekið fyrir skattfé almennings á Vesturlöndum – sérstaklega bandarískra skattgreiðenda. Murkað er lífið úr hundruðum þúsunda karlmannna á vígstöðvunum.

Samtímis eru afleiðingar hildarleiksins eins og bjúgverpill; hittir sendandann beint í hausinn. Og íbúar víða um Evrópu setja á sig kryppu við kreppunni, sérstaklega í Þýskalandi. Það virðist renna upp fyrir almúganum þar, að Nató var bókstaflega stofnað til þess, einum þræði, að halda þeim niðri.

Bandaríkjamenn hafa lengi óttast samvinnu þýsks iðnaðar og rússneskra orkusala. Það hefur nú tekist að eyðileggja þessa samvinnu, m.a. með hryðjuverkinu í Eystrasalti, framið af Norðmönnum og Bandaríkjamönnum, með óbeinu samþykki Íslendinga. Aulalegar skýringar stjórnvalda í Þýskalandi og Bandaríkjunum eru organdi ótrúverðugar.

Alþjóðaaudvaldið og málaliðar þess í stjórnámálum herja einnig á almenning í stríðinu grængolandi, svo og veirustríðinu. Duglaus og varhugverð íslensk ríkisstjórn trítlar með og RÚV leikur hermarsinn.

Stríðsöskrin hljóma enn og jafnvel hærra en áður, frá vitfirrtum leiðtogum Vesturlanda, sem dæla fé inn á reikninga Volodymyr og vopnum á vígvellina. Á meðan skellihlær hergagnaiðnaðaraðallinn og núir saman höndum. Lófarnir verða sífellt loðnari. Skemmst er að minnast Kænugarðsfarar stríðssystranna, Katrínar og Þórdísar Kolbrúnar.

Vígavífin reka líka upp stríðsöskur, en láta ekki þar við sitja, heldur faðma stríðshetjuna Volodymyr. (Í minni sveit er það reyndar kallað kynferðisleg áreitni.) Þó Volodymyr yrði hvumsa við, var hann faðmaður í bak og fyrir. Það var dýrt faðmlag íslenskum skattgreiðendum. En það er náttúrulega réttur vígavífanna sem kúgaðra kvenna að skreppa út í heim og faðma karla, kjassa og kyssa í boði kjósenda.

Stríðssysturnar lofa Úkraínumönnum hernaðaraðstoð frá Íslendingum. Pólverjar senda eldgamlar MIG herþotur, sem vafalaust verða skotnar niður í flugtaki eins og hernjósnaflýgildi Bandaríkjamanna um daginn. Bretar eru einnig í þann mund að senda skriðdreka, sem eru búnir „rýrðum úranskotfærum“ (depleted uranium), sem auðvelda eyðingu bryndreka. Rússar hafa sent skilboð þess efnis, að slík vopn telji þeir „skítug,“ þ.e. handan hins sæmilega stríðs.

Áfram skal gengið götuna fram eftir glötunarveg.

<http://www.informationclearinghouse.info/57423.htm>

<https://seymourhersh.substack.com/p/the-cover-up>

https://steigan.no/2023/03/den-kommende-stormen-usas-begrensede-ressurser-og-ukrainas-kollaps/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.brighteon.com/e46adb23-3731-44de-979c-a8dbe80070ca>

https://steigan.no/2023/03/storbritannia-leverer-ammunisjon-med-utarmet-uran-til-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://covertactionmagazine.com/2023/03/20/former-un-weapons-inspector-reports-that-u-s-drone-forced-down-in-black-sea-was-gathering-intelligence-for-ukrainian-forces/>

<https://consortiumnews.com/2023/03/21/diana-johnstone-germans-down-russians-out/>

<http://www.informationclearinghouse.info/57423.htm>